



## Skagafjörður

### Reglur um félagslega liðveislu á vegum Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar

1. Fjölskylduþjónusta Skagfirðinga annast liðveislu við fatlaða sbr. 24.gr.laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.
2. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð við að njóta menningar og félagslífs. Liðveisla er ekki ætluð til að aðstoða við athafnir daglegs lífs
3. Rétt til liðveislu eiga annars vegar fatlaðir einstaklingar sbr. 2.gr. laga um málefni fatlaðra, sem búa í heimahúsum og hinsvegar íbúar á sambýlum og þjónustuíbúðum fyrir fatlaða.
4. Lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði er ætíð skilyrði fyrir liðveislu á vegum sveitarfélagsins hvort sem um er að ræða búsetu í heimahúsi eða sambýli.
5. Liðveisla er veitt fötluðum sem eru 6 ára eða eldri
6. Sækja skal um liðveislu á þar til gerðu eyðublaði. Við mat á þjónustuþörf skal tekið tillit til fötlunar, heimilisaðstæðna og þeirrar þjónustu sem sá fatlaði nýtur.
7. Hámark liðveislutíma skal að jafnaði vera 30 tímar á mánuði fyrir þá sem búa í heimahúsum og 5 tímar fyrir íbúa á sambýlum.
8. Heimilt er að greiða útlagðan kostnað fyrir liðsmann vegna liðveislu en þjónustuþegi greiðir eigin útgjöld. Akstur skal að hámarki vera 150 km. á mánuði og annar útlagður kostnaður kr. 3000.- á mánuði.
9. Samþykktir um liðveislu umfram það sem kemur fram í 7. gr skulu vera tímabundnar. Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera lengst til þriggja mánaða. Eftir endurmat skal samþykkt vera lengst til sex mánaða
10. Starfsmaður Fjölskylduþjónustunnar hefur umsjón með þjónustunni og leggur mat á þjónustuþörf
11. Fjölskylduþjónustan heldur skrá yfir einstaklinga sem fá liðveislu og heldur einnig skrá yfir þá fagaðila sem veita liðsmönnum ráðgjöf.
12. Gerður skal samningur við liðsmann um hvert verkefni þar sem kveðið er á um samningstímabil, mánaðarlega vinnuskyldu og skipulag starfs.  
**Liðsmaður er bundinn þagnarskyldu.**
13. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Starfsmannafélags Skagafjarðar